

Lög

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum (reglugerðarheimild).

1. gr.

68. gr. laganna orðast svo:

Í reglugerð, sem efnahags- og viðskiptaráðherra setur, skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum og þóknun fyrir þá þjónustu sem Einkaleyfastofan veitir.

Gjöld, þar á meðal umsóknar- og árgjöld, skulu standa undir kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna einkaleyfa og við þjónustu sem veitt er, m.a. fyrir landsbundnar, evrópskar og alþjóðlegar umsóknir um einkaleyfi, könnun Einkaleyfastofunnar á form- og efniskilyrðum umsókna, þjónustu vegna rannsókna einkaleyfisumsókna, útgáfu og framsendingu forgangsréttarskjala, útgáfu einkaleyfa og viðbótarvottorða, endurveitingu réttinda og endurupptöku, meðferð skv. 21. gr., birtingu í ELS-tíðindum, breytingar á einkaleyfaskrá og útskriftir úr skránni og önnur þjónustuverkefni.

Gjaldskrá þjónustugjalda skal m.a. taka mið af launum og launatengdum gjöldum, þjálfun og endurmenntun, aðkeyptri sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, búnaði og tækjum og alþjóðlegri samvinnu.

Gjöld samkvæmt lögum þessum renna til Einkaleyfastofunnar og innheimtir hún gjöldin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 28. mars 2011.

